
Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

TÓNLEIKAR

**í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 30. mars 2003
kl. 17:00**

Einleikarar: Hjörleifur Valsson, fiðla
Matthías Birgir Nardeau, óbó
Grímur Helgason, klarínett
Ella Vala Ármannsdóttir, horn
Sigríður Kristjánsdóttir, fagott
Einsöngvari: Margrét Bóasdóttir
Stjórnandi: Ingvar Jónasson

Aðgangseyrir er kr. 1000, afsláttarverð 500 kr. fyrir eldri borgara og
nemendur, frítt fyrir börn

EFNISSKRÁ:

W. A. Mozart: Divertimento fyrir strengi í D-dúr, K 136
Allegro
Andante
Presto

Fiðlukonsert nr. 5 í A-dúr, K 219
Allegro aperto
Adagio
Rondeau, Tempo di Menuetto

HLÉ

Konsertaría, „Ah, lo previdi“, K 272

Sinfónía konsertante í Es-dúr, K 297b
Allegro
Adagio
Andantino con variazioni

FLYTJENDUR:

Hjörleifur Valsson fiðluleikari er fæddur 1970 og hóf að leika á fiðlu 7 ára gamall. Hann lauk námi frá Tónlistarháskólanum í Ósló árið 1993 þar sem hann hafði m.a. sótt tíma hjá rússneska fiðlusnillingnum Grigorij Zhislin. Hjörleifur hlaut tveggja ára námsstyrk frá tékkneska ríkinu árið 1993 og nam fiðluleik og kammertónlist hjá Karel Přybil við Konservatoríuna í Prag. Hann sótti einkatíma um tveggja ára skeið í Prag hjá Petr Messiereur, fyrsta fiðluleikara Talich kvartettsins, og stundaði nám við Folkwang-Hochschule í Essen í Þýskalandi þaðan sem hann lauk Diplom-prófi í júlí árið 2000. Frá 1991 hefur Hjörleifur komið víða fram á tónleikum, m.a. ásamt Håvard Öieroset gítarleikara og leikið frumsamda tónlist ásamt útsetningum þeirra á vinsælum dægurlögum. Á námsárum sínum í Prag var Hjörleifur einn af aðalfiðluleikurum mórövsku hljómsveitarinnar Majerán sem sérhæfði sig í flutningi austur-evrópskrar þjóðlagatónlistar og hélt reglulega tónleika í Prag og víðar í Tékklandi, auk þess sem hann er einn af stofnendum Berg-kammersveitarinnar í Prag. Einnig hefur Hjörleifur komið víða fram á tónleikum ásamt kýpverska píanóleikaranum Ourania Menelaou og fóru þau m.a. í tónleikaferð um Ísland árið 1995. Hjörleifur starfar nú við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Margrét Bóasdóttir nam söng hjá Elísabetu Erlingsdóttur við Tónlistarskóla Kópavogs og lauk burtfararprófi 1975. Sama ár lauk hún tónmenntarkennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Heidelberg-Mannheim og lauk þaðan einsöngskennaraprófi og lokaprófi úr konsertdeild 1981. Einnig nam hún við ljóðadeild Tónlistarháskólans í Stuttgart 1981-1983. Margrét starfaði í Þýskalandi til ársins 1985. Hún hefur kennt einsöng og

stjórnað kórum m.a. á Raufarhöfn, Ísafirði, Akureyri og í Árnassýslu. Hún stýrir unglingsdeild Söngskólans í Reykjavík og kennir við Tónlistarskóla Árneseinga. Margrét er einnig formaður Félags íslenskra tónlistarmanna. Margrét hefur lagt sérstaka áherslu á flutning barokktónlistar, kirkjutónlistar og ljóðasöngva. Hún hefur reglulega tekið þátt í Sumartónleikum í Skálholti og Íslensk Tónverkamiðstöð hefur gefið út geisladisk þar sem hún flytur íslenska kirkjutónlist ásamt Birni Steinari Sólbergssyni, orgelleikara. Margrét hefur í samstarfi við Miklós Dalmay píanóleikara haldið fjölda ljóðatónleika, nú síðast í Tíbrá, tónleikaröð Salarins í Kópavogi.

Matthías Birgir Nardeau fæddist í París 1982 og hefur lært á óbó frá 12 ára aldri undir handleiðslu Peter Tompkins og Kristjáns Stephensen auk þess að sækja tíma og námskeið erlendis hjá Matej Sarc og Jean-Louis Capezzali. Matthías lýkur um þessar mundir einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og lék nýverið óbókonsert Mozarts með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hefur verið virkur þátttakandi í ýmsum nemendahljómsveitum og Lúðrasveitum auk þess að vera einn af fulltrúum Íslands í Orkester Norden sumarið 2003. Þá hefur Matthías oft leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

Grímur Helgason, fæddur 1984, hóf klarínnettunám hjá Óskari Ingólfsyni sjö ára gamall og hélt áfram undir handleiðslu Odds Hendse og Gunnars Kristmannssonar en nemur nú í Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem Sigurður I. Snorrason er kennari hans. Grímur hefur leikið í margskyns samleikshópum nemenda, hvort tveggja klassíska tónlist og djass.

Ella Vala Ármannsdóttir hóf að leika á sönglúður í Tónlistarskóla Dalvíkur hjá Eiríki Stephensen en hélt áfram námi hjá Sveini Sigurbjörnssyni í Tónlistarskólanum á Akureyri. Frá árinu 1997 hefur hún stundað nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Joseph Ognibene og mun ljúka þaðan einleikara- og kennaraprófi nú í vor. Ella Vala hefur verið lausráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1999 og leikið með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands endrum og sinnum. Einnig hefur hún verið fastráðin hjá Óperustúdíói Austurlands frá stofnun þess. Ella Vala hefur verið meðlimur í Sinfóníuhljómsveit áhugamanna síðan 1998.

Sigríður Kristjánsdóttir fæddist 1981 í Reykjavík og byrjaði að læra á klarínnett í Tónmenntaskólanum 1991. Hún skipti um hljóðfæri og byrjaði að læra á fagott hjá Hafsteini Guðmundssyni þegar hún var 13 ára, fyrst í Tónmenntaskólanum, síðan í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Sigríður er núna á öðru ári í blásarakennaradeild Tónlistarskólans og stefnir að því að útskrifast þaðan vorið 2004. Sigríður hefur verið fyrsti fagottleikari Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna nú um nokkurra ára skeið.

Ingvar Jónasson var einn af stofnendum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og hefur verið aðalstjórnandi hennar og driffjöldur frá upphafi starfsins 1990. Hann á að baki langan og farsælan starfsferil, bæði sem hljóðfæraleikari, kennari og stjórnandi. Hann var félagi í Sinfóníuhljómsveit Íslands þegar á æskuárum hennar, fluttist síðan til Svíþjóðar, lék í sífóníuhljómsveitum í Malmö og Stokkhólmi, kenndi við tónlistarskólana í Malmö og Gautaborg, stjórnaði unglinga- og áhugamannahljómsveitum og kom víða fram sem einleikari og með kammerhópum. Eftir heimkomuna lék hann í Sinfóníuhljómsveit Íslands og kenndi við Tónlistarskólann í Reykjavík þar til hann fór á eftirlaun.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistarar: Hjörleifur Valsson og Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Hjörleifur Valsson
Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Katrín Sigríður Árnadóttir
Vera Ósk Steinsen
Hrefna Katrín Guðmundsdóttir
Kristín Björnsdóttir
Unnur Þorgeirsdóttir
Anne-Marie Steinheim

2. fiðla

Páll Eyjólfur Ingvarsson
Jónína Þ. Thorarensen
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Helga Andrésdóttir
Yukiko Koshizuka

Víóla

Eva Björg Harðardóttir

Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

Selló

Páll Einarsson
Sverrir Teitsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Hildur Guðjónsdóttir

Kontrabassi

Kjartan Guðnason
Leifur Benediktsson

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson
Svafa Þórhallsdóttir

UM HÖFUND OG TÓNVERK:

W.A. Mozart (1756-1791): Konsertarían KV 272, Ah, lo previdi er samin árið 1777, við ljóð eftir Cigna-Santi, fyrir þekkta söngkonu í vinnu tónskáldsins. Þar syngur Andromeda konungsdóttir í Eþíópíu um sveiflukenndar tilfinningar sínar vegna dauða ástvinnar hennar og bjargvættar.

Í upphafi er söngles; *Ah, lo previdi...* sem lýsir örvæntingu Andromedu yfir fréttunum af dauða bjargvættar hennar. Sverðið sem bjargaði henni færði honum dauða og hún álasar honum fyrir grimmd.

Aría; *Ah! t'invola agl' occhi miei ...* lýsir reiði hennar og hún óskar þess að hann komi aldrei fyrir auglit hennar, grimmd hans sé orsök þjáninga hennar.

Í sönglesi; *Misera invan m'adiro...* biður hún um miskunn vegna reiði sinnar. Mun sverðið sem áður bjargaði henni, nú aðeins eiga það hlutverk að deyða hana.

Arioso; *Col sangue, ahi, la bell'alma ...* lýsir hjartakvöl hennar og ósk um að mega deyja með honum. Hún biður skugga dauðans að bíða eftir sér.

Cavatina; *Deh! non varcar quell'onda...* lýkur konsertaríunni. Andromeda biður sál hjartans að fara ekki yfir fljótið Lethe. Hún vill sameinast vini sínum, skugga sorgarinnar, og þannig hitta ástvin sinn aftur.

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.